

Alþingi við Austurvöll  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

150 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 17.03.2017  
1701018GF

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu 146. mál

Vísað er til erindis í tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis dags. 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar félagsins um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál. Isavia þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um efni þingsályktunartillögunnar og fer umsögn félagsins hér á eftir.

Isavia tekur fyrir sitt leyti undir þau sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni og meðfylgjandi greinargerð. Til að markmiðum um hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum verði náð er mikilvægt að hagrænir hvatar styðji við þá þróun og að tryggðir verði nauðsynlegir innviðir. Isavia hefur þegar fest kaup á nokkrum rafmagnsbílum fyrir starfsemi sína á Keflavíkurlugvelli og er að skoða uppsetningu hleðslustöðva á bílastæðum þar. Eins hefur það verið skoðað fyrir Reykjavíkurlugvöll og Akureyrarflugvöll en rétt er að áréttta að Isavia rekur innanlandsflugvöllina (aðra flugvelli en Keflavíkurlugvöll) samkvæmt þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið. Á Keflavíkurlugvelli eru landtengingar fyrir flugvélar sem standa við flugstöðina, þ.e. flugvélar geta tengst við rafmagn í stað þess að notast við færanlegar dísilknúnar ljósavélar. Þá vinnur Isavia að því að fá vottun ACI (Airport Council International), s.k. ACA vottun fyrir samdrátt í losun gróðurhúsalofttegundum frá starfsemi sinni á Keflavíkurlugvelli. Félagið hefur þegar lokið fyrsta áfanga þeirrar vottunar. Ýmis önnur verkefni er miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa eru hafin eða í farvatninu enda að mati félagsins mikilvægt að allir aðilar leggi sitt á vogarskálarnar í þessum efnunum.

Virðingarfyllt,



Glóey Finnsdóttir  
Lögfræðingur